




„Freðið nefið dregur hann...”

Skýrsla um þróunarverkefni sem unnið var í leikskólanum Bakka árin 2010 – 2011



Efnisyfirlit

Inngangur og kynning	3
Fylgt áhuga barnanna	4
„Freðið nefið dregur hann...”	5
...og hvað gerðum við svo	5
Náðum við markmiðunum	11
Í lokin	14
Fylgiskjöl	15
Fylgiskjal 1 – Fuglaspjald; Heiðlóan	15
Fylgiskjal 2 – Boðskort til afa og ömmu	17
Fylgiskjal 3 – Frá afa og ömmu	18
Fylgiskjal 4 – Söguramminn Fuglinn	19

Inngangur og kynning

Í skýrslu þessari verður fjallað um þróunarverkefnið **Freðið nefið dregur hann...** sem unnið var í leikskólanum Bakka árin 2010 – 2011.

Leikskólinn Bakki er að Bakkastöðum 77, 112 Reykjavík sem er í Grafarvoginum, þannig að staðsetningin er í útjaðri borgarinnar. Það er stutt í fjöruna, Korpúlfsstaðaá og fleiri náttúruperlur. Helsta einkenni starfsins á Bakka undanfarin ár er útinám sem við köllum **Fjörulallar, það erum við** og er það eins og nafnið gefur til kynna útinám sem fer fram í fjörunni.

Má segja að þetta þróunarverkefni sé afleggjari út frá Fjörulallaverkefninu og staðsetningu skólans. Það er þó nokkuð fuglalíf hér í Staðahverfinu, fjaran er matarkista margra fugla og móinn varpstaður. Við erum einnig búin að vera í Comeniusarverkefni sem ber nafnið **Vængjaðir vinir** (2009 – 2011), þar er áherslan á að læra söngva um fugla á mismunandi tungumálum, fara í fuglaskoðun og fræðast aðeins um þá. Áhugi barnanna var mjög fljótur að kvikna á fuglunum, enda eins og áður er komið fram, fjölskrúðugt fuglalíf við bæjardyrnar.

Auðvitað gripum við boltann, þegar við sáum áhuga þeirra og ákváðum að fara af stað með þetta litla þróunarverkefni. Hugmyndin með því var að tengja fuglana við þjóðsögur og þjóðtrú, skoða hvort veðráttan hafi áhrif á þá og hvort þeir eru kannski að segja okkur eitthvað með hátterni sínu.

Við settum okkur eftirfarandi markmið:

- Að halda við gömlum sögum, kvæðum, málsháttum og orðum
- Flétta efninu saman við útinámið þannig að börnin kynnist orðum og öðrum hugmyndum í raun
- Að örva frásagnagetu barnanna
- Fá vini og vandamenn í lið með okkur að safna saman gömlum sögum, kvæðum og þjóðtrú
- Gera myndskreyttar bækur eftir börnin og setja á heimasíðuna okkar (í pdf.skjali)

Allir á Bakka komu að þessu verkefni, en þó mismikið eftir aldri og getu. Við náðum aðeins til vina og vandamanna, sem auðgaði virkilega verkefnið.

Þróunarsjóður Leikskólaráðs styrkti þetta verkefni og þökkum við þeim.

Fylgt áhuga barnanna

Varðandi fræðilegan bakgrunn um útinám leikskólabarna vísum við í kaflann **Úr ýmsum áttum** í þróunarskýrslunni okkar **Fjörulallar, það erum við!** sem finna má á heimasíðu leikskólans á þessari slóð: http://www.leikskolinn-bakki.is/images/stories/file/pdf/fjorulalla_lokaskysla.pdf

Aðalsmerki okkar í leikskólanum Bakka er útinám í fjörunni en annað sem við erum einnig mjög ánægð með eru myndrænar skráningar sem hafa verið að þróast hjá okkur í gegnum árin. Það var í raun þegar við fórum að lesa út úr myndrænum skráningum sem við uppgötvuðum ýmislegt hjá börnunum sem við höfðum ekki tekið eftir áður. Það er nefnilega alveg ótrúlegt hvað við erum oft upptekin af því að spyrja börnin hvort þeim líki eitthvað eða ekki og þau svara oft eins og áhuginn sé jafnvel ekki mikill. Þegar við hins vegar fórum að skoða ljósmyndir og videoklipp af leik og starfi barnanna, þá kom oft allt annað í ljós. Í starfinu okkar undanfarin ár má segja að við höfum verið að reyna að hlusta á raddir barna með því að nota öll skilningarvitin eins og börnin. Það er ekki nóg að nota eyrun, við verðum að sjá, upplifa, finna, skoða, fylgjast með, spjalla við og kynnst veröld þeirra, leikjum, hugmyndum og hugsunum. Þegar við gerum þetta, þá fyrst erum við í raun farin að hlusta á raddir barna og getum fylgt áhuga þeirra.

Það að fylgja áhuga barnanna er í raun eins og ævintýraferð þar sem við vitum ekkert hvar við endum. Þegar við fórum af stað með tilraunaverkefni með Náttúruskóla Reykjavíkur þá datt okkur ekki í hug að það myndi enda með því að eitt af aðalsmerkjum leikskólans yrði útinám í fjörunni. Síðan þegar farið var af stað með að þróa það verkefni enn meira í **Fjörulallar, það erum við!** þá datt okkur ekki í hug að við myndum enda sem **Grænfánaskóli**. Annað dæmi er ljósmyndun barna, við ákváðum að leyfa þeim að taka myndir, þar sem við vorum alltaf að taka myndir af þeim. Myndataka barnanna var svo glæsileg að það kveikti á verkefninu **Með augum barna** sem varð að stóru eTwinning verkefni sem fór um Evrópu.

Þetta þróunarverkefni **Freðið nefið dregur hann...** er eitt af þessum verkefnum sem kviknaði út frá áhuga barnanna. Við höfum tekið eftir því að fuglarnir vekja alltaf áhuga barnanna, en þeir eru yfirleitt svo kvikir að þeir eru flognir burt með það sama.

Í gegnum útinámið hafa börnin lært að bera virðingu fyrir náttúrunni og lífríki hennar. Þegar þau fara í fjöruna þá eru þau ekki með læti því þá vita þau að selirnir forða sér í burtu. Það ótrúlega hefur gerst að þetta hefur virkað á marga fugla, þeir hafa haldið áfram að damla við fjöruborðið þannig að börnin hafa getað fylgst með þeim. Nú fyrir stuttu gerðist það að dúfa var í fjörunni og hún var hin rólegasta af því að börnin pössuðu sig á að vera ekki með gassagang. Þannig eru börnin alltaf að kenna okkur fullorðna fólkinu að það er ýmislegt hægt, líka að kynnst fuglum þó svo þeir séu kvikir og fljótir að forða sér.

„Freðið nefið dregur hann...”

Þetta er lítið þróunarverkefni sem við ákváðum að fara af stað með og tengja þjóðsögur og þjóðtrú við áhuga barnanna á fuglunum í nánasta umhverfinu. Hugmyndin var þannig að tengja saman útinámi og þjóðsögum, þar sem verið er að einblína á fuglana.

Markmiðin sem við settum okkur voru eftirfarandi:

- Að halda við gömlum sögum, kvæðum, málsháttum og orðum
- Flétta efninu saman við útinámið þannig að börnin kynnist orðum og öðrum hugmyndum í raun
- Að örva frásagnargetu barnanna
- Fá vini og vandamenn í lið með okkur að safna saman gömlum sögum, kvæðum og þjóðtrú
- Gera myndskreyttar bækur eftir börnin og setja á heimasíðuna okkar (í pdf.skjali)

Áætlað var að vera í gagnaöflun og tilraunum á vorönn 2010 og vinna síðan markvisst úr gögnunum veturinn 2010 – 2011. Við vildum ekki fastnegla verkefnið niður þar sem okkur finnst miklu skemmtilegra að vinna eftir áhuga barnanna og þeim hugmyndum sem kvikna í samræðum milli okkar allra innan skólans... af litlum neista getur oft orðið mikið bál.

...og hvað gerðum við svo

Þar sem við vorum komin með ákveðinn grunn í gegnum útinámið þá var byrjað á að fara í gagnaöflun innan leikskólans.

Við eigum þetta fína fuglabókasafn sem við erum með á áberandi stað og lestrarkrumma sem fær eina fjöður (með nafni bókar) þegar við lesum fuglabók.



Við áttum fyrir þrjá uppstoppaða fugla og sáum að það gæti verið gaman að reyna að fá fleiri. Einnig áttum við nokkur útblásin egg, fuglafætur, vængi og fjaðrir.



Flýgur fiskisagan eða kannski ættum við að segja fuglasagan, áður en við vissum af vorum við komin með fullt af uppstoppuðum fuglum og eggjum.



Það var nú ólíkt skemmtilegra að vinna með fuglana þegar hægt var að vera með svona flottan efnivið.

Næsta skref var að við starfsmennirnir söfnuðum í sarpinn upplýsingum um fuglana í nánasta umhverfinu. Við gerðum það þannig að hver starfsmaður dró miða með nafni fugls, síðan átti viðkomandi að lesa sér til eða leita í eigin ranni að upplýsingum um sinn fugl. Þessum upplýsingum var síðan komið fyrir á plöstuðum spjöldum sem allir geta gengið í (sjá sýnishorn á fylgiskjali 1).

Við fengum leyfi hjá **Jóni Baldri Hlíðberg** til að nota teikningar hans af fuglum. Einnig höfðum við samband við **Sigurð Ægisson** sóknarprest á Siglufirði og fuglaáhugamann, þar sem við vissum að hann safnar sögum um fugla. Hann sendi okkur sögur og einnig bók sína **Ísfyglu** að gjöf, ásamt því að hann veitti okkur leyfi til að nota ljósmyndir sínar.

Þar sem nú fór að líða að afa og ömmu kaffi þá sendum við út með boðskortinu ósk um að afar og ömmur kæmu með innlegg í þetta verkefni (sjá fylgiskjal 2). Við fengum alveg ágætis viðbrögð og voru sumir búnir að binda þetta inn með slaufu. Í fylgiskjali 3 má sjá sýnishorn sem við fengum í tölvupósti.



Þar sem við erum með sérstök elstu barna verkefni fyrir elsta árganginn þá var ákveðið að tala **við Björgu Eiríksdóttur** sem hefur verið talsmaður **Söguaðferðarinnar**. Hún hefur útbúið mismunandi Söguramma fyrir grunnskólanemendur og á heimasíðu hennar sáum við ramma fyrir 4. bekk sem bar nafnið Fuglinn. Hún var meira en til í að ljá okkur þennan ramma og óskaði bara eftir því að fá vitneskju af því hvernig við útfærðum þetta fyrir leikskólabörnin. Það má sjá í fylgiskjali 4.



Við vorum einnig svo heppin að **Gerðuberg** var með sýninguna **Krummi krunkar úti – lærum að syngja og kveða íslensk alþýðulög**. Elsta árgangi leikskólanna var boðið og auðvitað þáðum við það. Við fengum sendan kennslupakka sem innihélt hefti með söngtextum og þulum með gítargripum, einnig voru sögur og upplýsingar um krumma. Skapalón fyrir krummagrímur og geisladiskur. Þannig að allir gátu undirbúið sig fyrir ferðina.



Börnin fóru áfram í fjöruna í hverri viku, þ.e.a.s. þrír elstu árgangarnir og þá var alltaf passað upp á að vera með sjónauka til að geta skoðað fuglana nánar.



Við gerðum tilraunir með að leyfa börnunum að taka ljósmynd af fuglunum en það gekk ekki sem skyldi. Þannig að við gerðum aðra tilraun með því að fara með stóru EOS myndavélina niður í fjöru. Við stilltum henni upp á þrífót og settum stóra linsu á. Síðan var það elsta árgangnum sem stóð til boða að taka myndir af fuglum með henni. Það voru ekki öll sem höfðu þolinmæði, en þau sem það höfðu fannst þetta virkilega gaman og líktu myndavélinni við sjónaukann.

Þegar kólnaði í veðri fórum við að huga að því að gefa fuglunum að borða og var það virkilega spennandi, bæði að kanna hvort þeir hefðu komið og fengið sér eitthvað og einnig að sjá þegar þeir komu að fá sér að borða.



Við ákváðum í tilefni af **Barnameningarhátíð Reykjavíkur 2010** og að **Dagur bókarinnar** var innan hennar að setja formlega inn á heimasíðuna okkar þær bækur sem börnin hafa gert um fugla. Sjá hér: http://www.leikskolinn-bakki.is/index.php?option=com_content&view=article&id=1125:bokagere&catid=96:comenius&Itemid=300025

Haustið 2011 fengum við **Helgu Arnalds** frá leikhúsinu **Tíu fingrum** til að vera með skuggaleikhúsnámskeið fyrir næst elsta árganginn og var það ótrúleg upplifun fyrir þau og ekki síður skemmtileg. Sjá má um þetta hér http://www.tiufingur.is/10_fingur/skuggaleikh%C3%BAsn%C3%A1mskei%C3%B0.html

Síðar um veturinn gerðu þau sína eigin skuggaleikhússýningu og þá var það krummi sjálfur sem lék aðalhlutverkið.



Elsti árgangurinn gerði dagatal fyrir árið 2011 og prýða glæsilegar fuglateikningar eftir þau dagatalið. Hér fyrir neðan má sjá tvær teikningar en dagatalið í heild sinni má sjá á heimasíðu leikskólans eða á þessari slóð: http://www.leikskolinn-bakki.is/images/stories/file/eTwinning/calendar2011_bakki.pdf



Af þessari upptalningu má sjá að ýmislegt hefur verið brallað. Inn í þetta fléttast síðan lestur um fuglana, þjóðsögur, raunverulegar sögur, kvæði og annar fróðleikur. Þegar börnin sjá fugla eða heyra í fuglum þá vekur það alltaf áhuga hjá þeim. Þau athuga hvaða fugl þetta geti verið, hvað hann sé að gera, hvort hann sé að leita að mömmu sinni eða sé svangur.



Náðum við markmiðunum


Þegar verið er að vinna þróunarverkefni þá fer það oft í aðra átt en ætlunin var í upphafi, það er spurning hvort svo sé í þessu verkefni. Við teljum okkur hafa náð öllum markmiðunum sem við settum okkur í upphafi, en hins vegar erum við í raun rétt að byrja og getum farið miklu dýpra og nánar í þessa vinnu.

Það skal þó viðurkennast hér að stundum fannst okkur við ekki vera að gera neitt en við nánari athugun þá vorum við og börnin alveg á fullu að vinna markvisst, málið var bara að þetta verkefni fléttaðist svo vel inn í allt starf okkar. Hér á eftir má sjá bæði ljósmyndir af starfinu og teikningar eftir börnin, við teljum þessar myndir segja mun meira en mörg orð.

Við eigum vænghaf hrafns (í réttri stærð) sagað út og málað af börnunum sem var gjöf frá Foreldrafélagi Bakka. Börnin eru af og til að máta sig við vænghafið.



Í tónlistarstund voru þau að syngja Krummi svaf í klettagjá og er gaman að sjá hvernig þau útfæra það.



Uppstoppuðu fuglarnir vöktu ýmsar umræður á meðal barnanna. Þau skoðuðu þá í krók og kima. Fuglafæturnir vöktu undrun þeirra fyrst og var einn lítill sem hafði áhyggjur af því að fuglinn hefði flogið burt og gleymt fótunum sínum. Það var alveg ótrúlegt hvað börnin voru fljót að tileinka sér að það ætti bara að horfa og rétt aðeins að strjúka þegar þessi viðkvæmi efniviður var í notkun.

Uppstoppuðu fuglarnir komu oft í heimsókn í samverustundir, áður en farið var í fjöruna og í listaskálann. Það er virkilega gaman að sjá eftirfarandi myndir þar sem uppstoppuð dúfa er í listaskálanum með næst yngsta hópnum og vekur hún sérstaka athygli eins drengsins og hann skoðar hana mikið og fer svo að teikna dúfu.



Á leið í fjöruna var stoppað og krítað á gangstíginn og auðvitað var afraksturinn þessir fínu fuglar.



Í sjálfri fjörunni voru listaverkin einnig sköpuð og hér má greinilega sjá fugl.



Og síðan eru það teikningar og annað föndur barnanna, hér er smá sýnishorn:



Í lokin

Eins og áður sagði þá er alveg ótrúlegt hvað sum verkefni renna inn í allt og virðast bara strax vera orðin hluti af starfinu á meðan önnur eru meira til hliðar. Þessi vinna rann mjög ljúft inn í allt annað starf sem við erum að vinna hér á Bakka.

Þar sem þetta er skemmtileg vinna og börnin mjög áhugasöm þá ætlum við að halda henni áfram og auðvitað að þróa okkur enn meira. Við erum búin að tala við **Fuglavernd** um samstarf og var vel tekið í það, svo við sóttum um styrk til **Barnavinafélagsins Sumargjafar** og fengum við hann.

Til að vinna enn meira með þjóðararfinn sem liggur í þjóðsögum og kvæðum þá fengum við kennara frá leikskólanum **Dvergastein** til að vera með kynningu á starfsdegi í vor um námsefnið **Ótrúleg eru ævintýrin** og sáðu þær góðum fræjum til okkar.

Þannig má segja að við erum rétt að byrja og höldum ótrauð áfram. Það eru spennandi tímar framundan, við erum nefnilega búin að sameinast leikskólanum **Bergi á Kjalarnesi** og verða báðir skólar að vinna með útinám, umhverfisvernd og þjóðsögurnar í gegnum Ótrúleg eru ævintýrin.




Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 – Fuglaspjald; Heiðlóan

Hvað veit ég um heiðlóuna?

- Hún er fugl...farfugl...mófugl.
- Hún er frekar klunnalegur fugl, hleypur í skorpum og stoppar svo, en falleg á flugi.
- Egg lóunnar eru yfirleitt fjögur og eru þau dröfnótt.
- Ungarnir fara strax á stjá þegar þeir skriða úr eggjum.
- Þegar lóan er að verja unga sína, þá sýnir hún leikræna tilburði og lætur sem hún sé vængbrotin.
- Hún syngur fallega, dirrindí og bí, bí.
- Hún er vorboðinn ljúfi.
- Íslendingar eru mjög hrifnir af lóunni og er t.d. alltaf tilkynnt í fréttum þegar sést til hennar á vorin.
- Mikið hefur verið samið af textum þar sem lóan kemur fyrir.



Heiðlóan

Heiðlóan er oft nefnd einkennisfugl mó- og þurrlendisins. Hún er af strandfuglaætt. Lóan, eins og hún er alltaf kölluð, er gullgul og dökkflikrótt að ofan en svört og hvít að neðan, svarti liturinn nær allt frá augum og aftur fyrir fætur. Á milli hans og gullgula litarins er svo hvít lína. Fæturnir eru gráir og goggurinn stuttur og svartur. Hún er að meðaltali 220 g og 26-29 cm á hæð, vænghaf er 67-76 cm. Lóan lifir mest á skordýrum og flugum.

Lóan er bæði í fjörum og móum þó hún verpi mest í móum. Hreiðurgerðin er ekki mikil, oftast laut eða dæld í lyngmóa eða grasi fóðruð með grasstráum og laufblöðum. Varp hefst um miðjan maí og tekur útungun 27-34 daga. Ungarnir verða fleygir 25-33 daga gamlir og kynþroska ári seinna. Eggj eru fjögur, oftast grámosagræn eða ljósbrún með svörtum rákum.

Heiðlóan er sérstaklega slyng við að tæla óboðna gesti frá hreiðri sínu. Lóan er farfugl á Íslandi en á veturna dvelst hún á meginlandi Vestur-Evrópu. Þegar lóan kemur að utan er oft sagt að hún komi með vorið með sér og þá kveðji veturinn. Áður en lóan flýgur af stað út safnast hún saman í hópa og í lok júlímánaðar flýgur hún svo út. (www.heimaslod.is)



Teikningar eftir Jón Baldur Hlíðberg

Vetrardvali lóunnar

Lengi var það algeng trú hér á landi að lóunnar flýðu ekki landið þegar hausthret steðjuðu að, heldur legðust þær þá í dvala og svæfu til vors. Eru til sögur um að þær hafi fundist sofandi í klettagjótum og hellum, en vaknað ef þær voru bornar inn í hús. Sagt er að þær sofi með ungan birkikvist eða víðikvist í nefinu, sumir segja laufblað, og sé þetta tekið úr nefi þeirra, geti þær ekki vaknað aftur.

Kvæði

- Út um mela og móa
- Krumminn í hlíðinni
- Lóan er komin
- Að hverju leitar lóan?
- ...og margt fleira

Fuglarnir í hellinum

Sumir fullyrða að lóur og spörfuglar leiti í hella og kúri í leyfum eins og í dái til þess tíma sem guð hefur ákveðið, en fljúgi þá þaðan út hópum saman sem vaktar frá dauðum.

Sagt er að bóndi nokkur, sem var á ferð, hafi orðið þess áskynja. Hann lagði í háskammdeginu land undir fót og kom allt í einu að helli einum stórum sem af einhverjum ástæðum vakti forvitni hans. Varð honum litið inn og sá þá þúsundir fugla, og var hellirinn allur fullur af þeim.

Rak hann í rogastans, en áttaði sig þó og tók einn fuglinn upp og þuklaði á honum til að ganga úr skugga um, hvort hér væru í raun og veru dauðir fuglar. Þegar hann varð einskins lífsmarks var, lagði hann fuglinn aftur niður á sama stað.

Næsta vor var maður þessi á ferð á sama stað og minntist þá þess sem hann hafði séð um veturinn. Fýsti hann þá að vita hversu væri nú háttað um fugla þessa og lagði lykkju á leið sína að hellinum að gamni sínu.

Er inn kom í hellinn, fann hann aðeins fugl þann er hann hafði áður þuklað á, steindauðan og rotnandi, og dró af því þá ályktun að hinir hefðu flogið burt.

Úr bókinni **Fuglarnir okkar** eftir Stefán Aðalsteinsson og Grétar Eiríksson

Fylgiskjal 2 – Boðskort til afa og ömmu

Miðvikudaginn 3.mars langar okkur að bjóða afa og ömmu barnanna að vera með þeim milli kl.8.00 – 10.00 hér í leikskólanum.

Einnig langaði okkur að kanna hvort afa og amma muni eftir einhverjum þjóðsögum, kvæðum eða þjóðtrú sem tengist fuglunum og/eða íslenskri veðráttu. Það væri mjög gaman ef þau sæju sér fært að skrá það niður og gefa okkur.

Við erum sem sagt að fara af stað með þróunarverkefni sem ber nafnið „Freðið nefið dregur hann...“ og er aðalmarkmiðið þar að halda við gömlum sögum, þjóðtrú, kvæðum, málsháttum og orðum um fuglana og íslenska veðráttu.

Kveðja börn og starfsmenn í leikskólanum Bakka

Fylgiskjal 3 – Frá afa og ömmu

Um fugla og veður frá afa og ömmu Óskars Rafns á Viðey

Fuglar

Hrossagaukur:

Þegar maður heyrir fyrst í hrossagauki á vorin skiptir máli hvaðan hljóðið kemur:

Suður: Sælugaukur er fyrir sælu

Norður : Nágaukur er fyrir feigð

Austur: Auðsgaukur er fyrir auði

Vestur: Vesældargaukur er fyrir vesæld

Bæði afi og amma Óskars Rafns ólust upp við þessa þjóðtrú og taka alltaf eftir því úr hvaða átt fyrsta hnegg hrossagauksins heyrir.

Veður og veðurtengt

- Öskudagur á sér 18 bræður, veðrið á öskudag gefur fyrirheit um hvernig veðrið næstu 18 daga verður.
- Ef frýs saman um klukkan 12 á miðnætti síðasta vetrardags og sumardagsins fyrsta verður sumarið gott.
- Í heyskap mátti aldrei láta hrífu þannig frá sér að tindarnir sneru upp því það framkallaði rigningu.
- Ekki þótti gott að hefja nein störf eða ný verk t.d. heyskap á mánudögum (mánudagur til mæðu) þótt veðrið væri gott og spáin góð. Yfirleitt var byrjað á laugardögum. Þetta gildi bæði til sjávar og sveita. (Mánudagur til mæðu, þriðjudagur til þrautar, miðvikudagur til moldar o.s.frv.)

Kveðja frá Óskari og Marzílíu.

Fylgiskjal 4 – Söguraminn Fuglinn

Unnið í leikskólanum Bakka með elsta árganginum – þetta er það sem við völdum út og gerðum:

Söguþráður	Lykilspurningar	Vinna nemenda
1. Vor	Hvernig sjáum við og finnum að vorið er komið? Athuga með að taka þetta núna í vor og tengja það við lið 4 um fuglsungana	
2. Fuglar	Á hverju þekkjum við fugl? Hvernig eru fætur fugla? Til hvers nota fuglar gogginn og hvernig er hann í laginu?	Hugstormun Teikna fugla Hengja upp teikningar og segja frá Ræða og skrifa niður til hvers fuglar nota gogginn Fingrafuglabrúða gerð Börnin gera fugla úr tvöföldum pappa með troð á milli
3. Umhverfið	Í hvers konar umhverfi lifir fuglinn þinn?	Fuglaskoðunarferð um nánasta umhverfið Teikna umhverfi fuglsins síns Búa til veggmynd þar sem allir fuglarnir geta búið Klippa myndir af fuglum út úr blöðum
4. Fuglsungar	Unnið með lið 1 núna í vor	
5. Atburður		Skrifa sögu um fuglana og búa til bók
6. Haust	Hvað verður um fuglinn þinn á haustin? Hvers vegna fara sumir fuglar frá Íslandi og hvert fara þeir?	Umræður
7. Fuglafræðingur	Hve raunverulegur er fuglinn þinn?	Skoða bækur, fara á vefinn og sjá fræðslumyndir

